

Starfsreglur Foreldrafélags Leikskóla Húnabyggðar

1 gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Leikskóla Húnabyggðar.

2. gr.

Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn barna í Leikskóla Húnabyggðar.

3. gr.

Markmið foreldrafélagsins er að:

- a) vera samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna sem eiga börn í skólanum
- b) verja hagsmuni barna varðandi velferð, öryggi, aðbúnað og fræðslu innan skólans sem utan.
- c) vera sameiginleg rödd foreldra og forráðamanna barna við skólann varðandi skóla- og uppeldismál.
- d) standa fyrir sameiginlegum skemmtunum og viðburðum fyrir börn skólans og fjölskyldur þeirra.

4. gr.

Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. sept. – 31. október ár hvert. Stjórn skal boða til hans í samráði við skólastjórnendur með minnst 10 daga fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað – með auglýsingum í skólanum, á heimasíðu eða samfélagsmiðlum skólans eða með sérstökum tilkynningum til foreldra. Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla um starfsemi félagsins
- c) Reikningar félagsins lagðir fram til kynningar
- d) Breytingar á starfsreglum
- e) Ákvörðun félagsgjalda
- f) Kosning til stjórnar
- g) Önnur mál

5. gr.

Foreldrar skulu hafa eitt atkvæði fyrir hvert barn. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður úrslitum mála, nema skv. 11. gr. hér á eftir.

6. gr.

Kosning til stjórnar félagsins skal fara fram á aðalfundi. Stjórn skal skipuð 6 fulltrúum foreldra auk fulltrúa leikskólans sem jafnframt skal vera tengiliður við skólann. Leitast skal við að hver árgangur leikskólans eigi fulltrúa í stjórninni. Að lágmarki skulu 2 fulltrúar fráfarandi stjórnar sitja áfram í nýrri stjórn. Stjórn skiptir

með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar. Þar skal kosið í embætti formanns, gjaldkera og ritara.

7. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir framlagi í formi félagsgjalda frá foreldrum og forráðamönnum, einu sinni á hvorri önn. Félagsgjöld skulu vera þau sömu fyrir öll heimili óháða fjölda barna sem frá því koma. Hámarksfjárhæð félagsgjalds skal ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert og gjaldtakan kynnt foreldrum sérstaklega hverju sinni.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur forgöngu um alla vinnu við starfsemi þess. Val verkefna og vinna stjórnarmanna skal vera innan ramma markmiða félagsins og í samræmi við ákvarðanir aðalfundar. Stjórn kemur saman svo oft sem þurfa þykir, formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar. Hver fulltrúi í stjórn getur krafist stjórnarfundar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Haldin skal fundargerð um ákvarðanir stjórnarfundar.

9.gr.

Reikningsárið er 1. október til 30. september ár hvert.

10.gr.

Formaður situr sem áheyrnarfulltrúi á fræðslunefndarfundum sveitarfélagsins. Til vara sendir formaður annan stjórnarmeðlim.

11.gr.

Tillögur til breytinga á starfsreglum verður að hafa borist stjórn skriflega í síðasta lagi 3 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Breytingar á starfsreglum ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

12. gr

Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um breytingar á starfsreglum. Við slit félagsins renna allar eignir þess til Leikskóla Húnabyggðar.